Þóftaki hafi meðferðis blýanta, strokleður, reglustriku og reiknivél sem ekki getur geymt gögn  
Skrifið nöfn ykkar strax á meðfylgjandi teikningu af viðtæki, teikningu af sendi og reiknigraf.  
Látið fylgja úrlausn. Önnur gögn eru ekki leyfð. Gætið þess að einnig fylgi svári, t.d. kHz eða  
, annars er það ófullkomið. Prófið er í 30 liðum og gilda allir jafnt.

### 1.


1.1 Um 6 viðnám rennur 2 A straumur. Reiknið spennuna.

Svar: \_\_\_\_\_

1.2 Hversu mikið afl fer í viðnámið P

Svar: \_\_\_\_\_


1.3 Tveimur viðnámum er bætt við eins og myndin sýnir. Hvert verður viðnámið milli A og B



Svar: \_\_\_\_\_

## 2.

- 2.1 Amatör hefur 12 V sendi með sér í sumarbústað. Einn 30 amperstunda rafgeymir er helst til lítill, svo hann tekur tvo slíka geyma með. Bætið inn á myndina réttri tengingu geymanna við sendinn svo ígildi 60 amperstunda geymis fáiast. Gætið vel að réttri tengingu við plús- og mínusskaut.



## 3.

- 3.1 Jafnspenna þéttis er í réttu hlutfalli við:

- \_\_\_\_\_ segulsvið
- \_\_\_\_\_ breytingu í rafsviði platnanna
- \_\_\_\_\_ jafnstraum um þéttinn
- \_\_\_\_\_ hleðslu á plötunum

## 4.

- 4.1 Finnið gildi spólu sem hefur þverviðnámið 1260 við 10 Mhz.


Svar: \_\_\_\_\_

- 4.2 Finnið gildi á þétti sem ásamt spólunni gæfi resónans við 10 Mhz.

(framhald á næstu síðu)

(framhald á dæmi)

- 4.3 Spólan og þéttirinn eru tengd milli tækiseininga eins og myndin sýnir. Resónanstíðnin skilar sér best í gegn. Um aðrar tíðnir gildir:



\_\_\_\_\_ allar tíðnir deyfast jafnt

\_\_\_\_\_ tíðnir fyrir ofan resónans deyfast meira en tíðnir fyrir ofan

\_\_\_\_\_ tíðnir fyrir neðan resónans deyfast meira en tíðnir fyrir ofan

\_\_\_\_\_ engin tíðni deyfist

- 4.4 Tapsviðnám spólunnar er 25,2 (raðtengt ígildi). reiknið Q hennar

Svar: \_\_\_\_\_

## 5.

- 5.1 Rétt röð bylgusviða með vaxandi tíðni er:

\_\_\_\_\_ langbylgja, miðbylgja og stuttbylgja

\_\_\_\_\_ miðbylgja, langbylgja og stuttbylgja

\_\_\_\_\_ stuttbylgja, miðbylgja og langbylgja

\_\_\_\_\_ stuttbylgja, langbylgja og miðbylgja

## 6.

Allir liðir 6. dæmis fjalla um viðtækið á meðfylgjandi sérteikningu.

- 6.1 Vel þekkt er að Q1 vinnur sem blandari (mixer). En það er annað stig sem í raun er líka blandari, þótt það gangi venjulega undir öðru nafni. Hvaða númer á við það stig.

Svar: Q \_\_\_\_\_

- 6.2 Inn á D (drain) á Q1 er m.a. tengt 2700  $\Omega$  viðnám. vegna vankunnáttu í litamerkingum viðnáma notar amatör 270 K  $\Omega$  í staðinn. Engu að síður fær Q1 eðlilegan straum (um 2 mA) frá 12 V veitunni. Hvernig stendur á því?

Svar: \_\_\_\_\_

- 6.3 Tíðni nærvakans (local oscillator) liggur fyrir ofan móttökutíðnina. Tekið er á móti LSB-merki (lower sideband). Í millitíðnimagnaranum er merkið:


\_\_\_\_\_ LSB  
\_\_\_\_\_ DSB (double sideband)  
\_\_\_\_\_ USB (upper sideband)  
\_\_\_\_\_ á heyrítíðni

- 6.4 L4 hefur stillanlegan kjarna. Hvernig lýsir það sér við notkun tækisins, ef kjarnin er skrúfaður lengra inn í spóluna?

\_\_\_\_\_ mögnunin vex  
\_\_\_\_\_ næmleikinn minnkar  
\_\_\_\_\_ tíðniskerpa (selectivity) breytist  
\_\_\_\_\_ móttökutíðnin lækkar



## 8.



8.1 Teikningin sýnir:

- \_\_\_\_\_ lampamagnara aftast í sendi
- \_\_\_\_\_ lampamagnara fyrir hátalara
- \_\_\_\_\_ AM-mótara
- \_\_\_\_\_ sveifluvaka með tríóðu

8.2 Tilgangur C5 er að:

- \_\_\_\_\_ tryggja að sjálfsveifla fari í gang
- \_\_\_\_\_ tryggja að sjálfsveifla fari ekki í gang
- \_\_\_\_\_ leiða jafnstraum inn á mælinn M1
- \_\_\_\_\_ auka við afturverkun tetróðunnar

## 9.

9.1 Fyrir aftan síðasta mögnunarstig sendis þarf alltaf síu sem deyfir yfirsveiflur. Hvaða flokkur magnara gerir minnstar kröfur til yfirsveifludreyfingar í síunni að öðru jöfnu?

- \_\_\_\_\_ A
- \_\_\_\_\_ B
- \_\_\_\_\_ AB
- \_\_\_\_\_ C



(framhald á dæmi)

- 12.1 Til að ráða bót á þessu er sett aðlögunartæki (antenna tuner) á sendisenda fæðilínunnar. Frá því liggur stutt fæðilína að sendinum sjálfum. Sé aðlögunartækið rétt stillt, verður:

\_\_\_\_\_ minni standbylgja á löngu fæðilínunni, enginn á stuttu  
\_\_\_\_\_ enginn standbylgja, hvorki á löngu né stuttu fæðilínunni  
\_\_\_\_\_ enginn standbylgja á löngu fæðilínunni  
\_\_\_\_\_ enginn standbylgja á stuttu fæðilínunni

- 12.2 Hvar ætti að hafa aðlögunartækið ef nýtnin er höfð að leiðarljósi?

Svar: \_\_\_\_\_

## 13.

Nágranni amatörs hlustar gjarnan á erlenda útvarpsstöð sem sendir á 930 kHz á miðbylgju. Hann notar útvarpsviðtæki með þá algengu millitíðni, 455 kHz.

Þegar amatörinn sendir á 1840 kHz í 160 m sviðinu, truflar hann móttökuna.

- 13.1 Hver er líklegasta astæðan fyrir trufluninni. Stiðjið kenninguna með útreikningum.

Svar: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

- 13.2 Hver eftirtalinna ráðstafanna er líklegust til úrbóta ef sendirinn dæmist vera í lagi? Að setja:

\_\_\_\_\_ háhleypisú (high pass filter) á sendinn  
\_\_\_\_\_ lághleypisú (low pass filter) á sendinn  
\_\_\_\_\_ háhleypisú á viðtækið  
\_\_\_\_\_ 1840 kHz stoppsú (rejection filter) á viðtækið

## 14.

- 14.1 Hátíðnispennan til loftnets er mæld með sveiflusjá. Auðveldast er að lesa toppa á milli (peak-to-peak) af skjánum. Lesningunni er fyrst breytt í toppgildi (peak) með því að deila með 2.

Toppgildinu er svo breytt í virkt gildi (r.m.s.) með því að margfalda með 0,707.


Virka gildi loftnetsstraumsins er lesið beint af mæli með hitatvinni (thermocouple).

Þá eru virku gildi spennu og straums margfölduð saman í þeirri von að það gefi sendisflið. Niðurstaðan er:

- \_\_\_\_\_ rétt ef lofnetið er í resónans
- \_\_\_\_\_ aðeins rétt ef lofnetið er 50
- \_\_\_\_\_ alltaf rétt
- \_\_\_\_\_ aldrei rétt vegna þess að útreikningarnir að ofan eru gallaðir

## 15

- 15.1 Myndin sýnir einfaldan aflagjafa, sem amatör notar til að knýja smátæki sem hann smíðar. Hver eftirtalinn ráðstafana á mestan þátt í að verja amatörinn fyrir snertihættu af 230 V veitunni?



- \_\_\_\_\_ bræðivarið í forvafsrásinni
- \_\_\_\_\_ aðskilnaður og einangrun forvafs og eftirvafs
- \_\_\_\_\_ stóri þéttirinn, því hann skammhleypir riðspennu
- \_\_\_\_\_ spennu reglinn, því hann gefur mest út 12 V

**S v ö r**  
**v i ð**  
**n o k k r u m**  
**p r ó f u m**

## Svör við A/T prófi 24. okt 1992

- 1.1 Raðtenging, viðnám leggst saman.  $10 + 20 = 30$
- 1.2 Hliðtenging, leiðni leggst saman.  $G = 1/30 + 1/70$  Summa þessara brota er leiðnin en spurt er um viðnámið sem er andhverfa leiðninnar, svo að  $G$  fundnu þarf að reikna  $R = 1 / G$ . Þetta er mjög einfalt að gera á reiknivélum sem hafa  $1/x$  takka, hann tekur andhverfu þess sem í glugganum stendur. Á flestum vélum er hægt að fara þannig að:

1. *Sláðu inn 30 og ýttu á 1/x.*
2. *Ýttu á + takkann.*
3. *Sláðu inn 70 og ýttu á 1/x.*
4. *Ýttu á = takkann.*

Þá birtist gildið á leiðninni  $G$  í glugganum og nú þarf að breyta því í  $R$ :

5. *Ýttu á 1/x takkann.*


Hafi þetta tekist birtist svarið, **21** Ef hliðtengdu viðnámín eru fleiri en 2 má endurtaka 2. og 3. aðgerð eins oft og þarf áður en 4. aðgerð er framkvæmd.

Að öðrum kosti má nota vel þekktu jöfnuna með margfeldi viðnámana fyrir ofan strik og summu fyrir neðan, sem gefur  $R$  beint. En hafa þarf í huga að sú aðferð gildir eingöngu fyrir tvö viðnám í senn.

- 1.3 Við 6 V spennu fara  $6 \text{ V}/30 = 0,2 \text{ A}$  um viðnámið. Spennan er þá  $0,2 \text{ A} \cdot 20 = 4 \text{ V}$ , og aflið  $4 \text{ V} \cdot 0,2 \text{ A} = \mathbf{0,8 \text{ W}}$ .

Líka hefði mátt sameina tvö síðustu skrefin með jöfnunni  $P = I^2 R$ .

- 2.1 Hliðtenging allra gæfi 400 pF sem er of mikið. Raðtenging allra gæfi minna en 100 pF sem er of lítið. Ef 2 þéttar væru hliðtengdir og svo raðtengdir þeim 3ja gæti rýmdin aldrei náð gildi hans, sem í besta falli væri 200 pF. Þá er aðeins eftir að raðtengja 2 og hliðtengja þeim 3ja. Ef 200 pF og 100 pF eru raðtengdir fæst minna en 100 pF sem ekki dugir hliðtengt 100 pF þéttinum sem eftir er. Þá er ekki um annað að ræða en raðtengja 100 pF þéttana báða, fá þannig 50 pF og hliðtengja 200 pF til að fá 250 pF!



Lausnin liggur nokkuð í augum uppi þó ekki sé beitt fullkominni útilokunaraðferð eins og að ofan.

3.1 Spenna yfir spólu án vírviðnáms eða annarra tapa er eingöngu spanspenna. Spanspenna myndast þegar segulsvið breytist Segulsviðið er sprottið af straumnum og breytist þegar straumurinn breytist. Spennan á hverju augnabliki ræðst því af **breytingum straumsins**.

4.1 Auðvelt er að nota reiknigrafið "Reactance and Resonance Chart, Radio Frequency". Reglustika er lögð gegnum 200 pF á "C" kvarða og 7.000 kHz á "f" kvarða. Þar sem reglustrikan sker "Xc" kvarða má lesa um **115 Ω**.

Að öðrum kosti má reikna:  $X_c = 1 / (2 \pi \cdot 7 \cdot 10^6 \cdot 200 \cdot 10^{-12}) = 113,7 \text{ } \Omega$ .

(Athugið að við ritun talna á ensku er komma notuð eins og við notum punkt og öfugt 7,000 á grafinu þýðir því 7 þúsund en ekki "7 komma núll")

4.2 Beinast liggur við að nota reiknigrafið. Reglustika er lögð milli 200 pF og 3.500 kHz og lesið af "L" kvarða; um 10 H.

Einnig má gera sér grein fyrir að þverviðnám þéttisins er um 230 á 3,5 Mhz fyrst það var um 115 á 7 MHz og finna síðan, með grafi eða reikningum, þá spólu sem hefur sama þverviðnám.

Heldur meiri stærðfræði þarf til að leysa C út úr resónansjöfnunni, en gæfi nákvæmara gildið **10,3 H**.

5.1 Þverviðnám spólu og þéttis eru jafnstór við resónans. Því þarf tíðnin greinilega að lækka. **Helminguð** tíðni gefur hlutfallið 2, niður í 200 fyrir spóluna og upp í 200 fyrir þéttinn.


5.2 Við raðtengingu er  $Q = X / R$  þ.e.  $200 / 10 = 20$ .

6.1 Margfeldi bylgjulengdar og tíðni er hraði bylgjunnar, ljóshraðinn. Með því að nota MHz verður margfeldið milljónasti hluti ljóshraðans, þ.e. viðráðanlegri tölur:  $5 \cdot f \text{ (MHz)} = 300$ . Það gefur  $300/5 = 60 \text{ Mhz}$ .

7.1 Það er blandarinn Q1 sem gerir báðum tíðnunum jafn hátt undir höfði. Það eru því **íhlotirnir milli hans og loftnets** sem verða að skilja á milli, fyrst og fremst sveiflurásirnar L2-C1 og L3-C2. Litli þéttirinn, 7 pF, gefur hæfilega lausa lengingu til að resónans hvorrar um sig fái notið sín. 6800 viðnámið er nauðsynlegt álag til að bandbreidd síunnar í toppinn verði 250 kHz eins og til er ætlast.

7.2 Í öllum viðtækjum er það skynjarinn sem breytir hárrí tíðni í heyrnlega. Hér er það margfeldisskynjarinn byggður í kringum Q4.

## 8.1 og 8.2



8.3 **Þetta er tengipéttir, hleypir merki í gegn en stöðvar jafnstraum. Án hans væri 1 k viðnám spennudeilis skammhleyp af eftirvafi T1 og beinir Q3 fengi enga forspennu.**

8.4 Það er nóg að rjúfa veituspennuna inn á 4.7 k viðnámið, sem gefur beini Q3 forspennu. Tvískeyttir nórar eru hvattól, og draga því engan hvíldarstraum ef þeir fá ekki forspennu. **Aftengið þann enda 4.7 k sem fer í 22 viðnámið, og tengið í staðinn við gleypi (collector) Q4.**

Því má bæta við, að þetta væri afar æskileg endurbót á teikningunni. Rafstraumi fylgir suð, líkt og vatnsstraumi, og nórinn magnar það enn frekar. Hér kæmist það um T2 inn á viðtækið og truflar þá móttökuna þegar lykillinn er uppi. Breytingin myndi einnig spara straum og Q3 hitnaði minna.

9.1 Við FM er tíðnivik í réttu hlutfalli við mótunarmerkið á hverju augnabliki, það mundi **tvöfaldast**.

9.2 **CW, FM og PM.** Styrkur útmerkis frá C-flokks magnara fylgir ekki línulega styrk innmerkis frá núlli upp í fullt gildi, svo mótun sem felst í breytilegum styrk mundi bjagast með tilheyrandi truflunum á nærliggjandi tíðnum.

10.1 **Í myrkri eða rökkri.** Sólarljósið, einkum útfjólubláa, gefur sameindum orku til að jónast. Neðst er D-lagið, en það er of gisið til að endurvarpa að gagni. Bylgja þarf því að komast í gegnum það til að ná til E- eða F-lagsins fyrir ofan.

D-lagið er fyrst og fremst deyfílag. Bylgjan kemur rafeindum lagsins á hreyfingu, svipað og gerist með rafeindir í loftneti. D-lagið er svo neðarlega, að rafeind er líkleg til að rekast á loftsameind, og við áreksturinn tapast orkan

sem rafeindin fékk frá bylgjunni. Orkan breytist í varma sem er fólgin í aukinni hreyfingu sameindarinnar.

Lægri tíðni hefur lengri sveiflutíma, svo rafeindin ferðast lengur til sömu handar áður en hún snýr við. Það eykur mjög líkurnar á árekstri. Deyfingin vex því hratt með lækkandi tíðni. Á 80 m er hún nógu mikil til að bylgja sem ætlar skáhallt í gegnum lagið, til að ná langt í einu hoppi, hverfur alveg. á 40 m dofnar hún talsvert, en nær jafnan í gegn. Deyfingarinnar gætir eitthvað á 20 m, minna á 15 m og lítið sem ekki á 10 m.

Rafeindir eru sífellt að hitta jákvæðar sameindir sem hafa gefið frá sér rafeindir, og þar með hverfur jónunin við samruna. Þegar sólarljóssins nýtur ekki við til mótvægis, eyðist jónlagið. Í hæð D-lagsins er þéttni sameinda nógu mikil til að lagið hverfur nær samstundis við sólsetur, og greið leið opnast fyrir bylgju á 80 m upp í hærri lög.

E-lagið og F-lagið lifa nóttina af, sökum þess hve loftið er þunnt þar uppi. Þunna loftið þýðir einnig að rafeind er ekki líkleg til að lenda í árekstri. Hún tapar því ekki sveifluorku sinni í varma, heldur geislar henni frá sér svipað og straumur í sendilofneti gerir. Það skýrir endurkastið frá E-lagi og F-lagi.

Oft kemst bylgja á 80 m í gegnum D-lagið ef hún fer nánast þvert í gegn, eins og gerist þegar sent er út undir háu horni. Þá verður leiðin um lagið stutt og deyfingin að sama skapi minni. Því er gjarnan hægt að nota 80 m fyrir stökkbylgju innanlands þó bjartur dagur sé.

- 11.1 **Yagi (eða Yagi-Uda)**, 3ja elementa. Oft kallað "greiða" á íslensku, einkum ef gert fyrir VHF eða UHF Athugið að orðið "beam (antenna)" á við stefnunet af hvers konar gerð, og dugir ekki sem svar.
- 11.2 **Sá syðri sé styttri en sá nyrðri lengri.** Útgeislun styrkist til þeirrar áttar þar sem merkin frá einstökum leiðurum eru samfasa eða því sem næst, en veikist að sama skapi í aðrar áttir, einkum þangað sem merkin eru sem næst mótfasa. Straumurinn í sníklunum (parasitic elements) er fenginn með spani frá fæddu hálfbylgjunni. Með því skekkja lengd þeirra frá resónans fæst fasvik í strauminn, sem að teknu tilliti til ferðatímans yfir bilið milli leiðaranna, veldur ofangreindri verkun. Styttan sníkil mætti kalla stefni (director) en lengdan spegil (reflector).
- 12.1 Spenna verður hæst þar sem spenna útbylgju og endurköstuðu bylgju eru samfasa. Færsla um fjórðung bylgjulengdar seinkar annarri um  $90^\circ$ , flýtir hinni um  $90^\circ$  og veldur mótfasa. Þar er spennan lægst. Þetta kyrrstæða mynstur í heildarspennu eftir lengd línunnar hefur bylgjulögun, en er ekki bylgja í venjulegum skilningi. Hlutfall hæstu og lægstu spennu í mynstrinu er mælikvarði á endurkastið. Hér er það 1:2 svo svarið er **32 V**.

Tilsvarandi gerist með strauminn, nema hvað víxlun verður á mótfasa og samfasa.

- 12.2 Endurkastið ræðst alfarið af því hvort loftnetið getur nýtt aflið með því hlutfalli spennu og straums sem ferðast saman í sömu bylgju. Það hlutfall kallast kenniviðnám línunnar,  $Z_0$ , og er ekki viðnám í venjulegum skilningi. Sé viðnám loftnets frábrugðið þessu hlutfalli, gengur samhengi spennu og straums ekki upp samkvæmt lögmáli Ohms. Aflið nýtist ekki allt og afgangurinn snýr við sem endurköstuð bylgja. Þá verður standbylgjuhlutfallið jafnt hlutfallinu milli loftnetsviðnámsins og  $Z_0$ .

Ráða má bót á þessu með því að umspenna viðnám loftnetsins í  $Z_0$  og eyða hugsanlegu þverviðnámi (fá resónans). Það er gert með **aðlögunarrás loftnetsmegin**.

Á árum áður, þegar sendar gáfu frá sér umtalsverðar yfirsveiflur, gat það gerst að minni standbylgja mældist ef lághleypisú var bætt við sendismegin. Það var samt ekki vísbending um betri aðlögun loftnets á vinnutíðninni, eins og halda mætti í fljótu bragði, heldur var komið í veg fyrir að mælirinn sýndi standbylgju frá yfirsveiflum. Ef loftnetið var aðeins skorið fyrir grunntíðnina, gat endurkast yfirsveiflu orðið hlutfallslega mjög mikið.

- 13.1 Á þessu eru ýmsar lausnir. Hátt viðnám er hægt að lækka með hliðtengdu viðnámi. Gallinn er sá, að nýja viðnámið tekur afl, mestan hluta þess ef lækkunin er mikil. Þá er gott að minnast þess að þverviðnám eyðir engu afli. Hægra megin mætti því setja t.d. **þétti til jarðar, hliðtengdan háa** álagsviðnáminu. Tvinnviðnám þessarar hliðtengingar er vitaskuld lægra en upphaflega viðnámið, og aðeins hluti þess er raunviðnám. Með stillanlegum þétti má ná misháu viðnámi, þ.m.t. því sem sendirinn vill sjá (50%). En eftir stendur þverviðnám þessarar samsetningar, sem hér væri rýmdarkennt. Því má einfaldlega eyða með **raðtengdri spólu**. Hún þarf að vera stillanleg svo hægt sé að ná resónans, þó breyta þurfi þéttinum til samræmis við álagið.

Hér var lýst L-rás, sem dregur nafn af fyrirkomulaginu, eins og eðlilegt er að teikna það á rásarmynd. Stillanlegar spólur liggja ekki á lausu, svo ýmsar tengingar eru til sem nota 2 stilliþétta og fasta spólu. Gjarnan er þá notuð T-rás eða -rás (pi).

- 14.1 **Deyfi smell þegar lykli er sleppt.** Þegar stutt er á lykilinn skammhleypist þéttirinn, afhleðst samstundis og gerir þá ekkert gagn, nema spóla eða viðnám væri jafnframt raðtengt lyklinum til að tefja afhleðsuna.

Reyndar er síðasti kosturinn, að þéttirinn hafi engin áhrif, ekki alveg út í hött fyrir nútíma tæki. Þar er lykillinn sjaldan beint í straumrásinni sem stjórnar sendiaflinu, heldur vinnur á rökrás sem skiptir hratt um stöðu við ákveðið spennugildi.

- 15.1 **Undirsveiflur og nórahvæs.** Með lömpum þurfti bara að hugsa um ólínulega mögnun eða viðnám, sem bjagaði hverja sveiflu eins og þá næstu á undan. Sama mynstrið endurtók sig þá með upphaflegu grunntíðninni og eingöngu yfirsveiflur mynduðust.

Ástandið í rýmd eða spani er hins vegar háð forsögunni, því þessi fyrirbrigði geyma orku. Ólína í þeim getur valdið því að samliggjandi sveiflur þjagist ekki eins, svo mynstrið endurtekur sig með lægri tíðni en upphaflegu grunntíðninni, undirsveiflur hafa myndast. Rýmd milli skauta í lampa er línuleg eins og hver önnur rýmd milli leiðara, en rýmd í P/N skeytum nóra er mjög spennuháð og þar með ólínuleg.

Þegar rafsvið í kristal verður svo sterkt að fjöldi rafbera losnar og straumur rýkur upp, má líkja því við skriðu. Óreglan í straumnum inniheldur allar mögulegar tíðnir og kröftugt suð verður til. Þetta gerist gjarnan í tvískeyttum nórum við mikla áraun eins og í útgangsstigi sendis. Hvæsið sem myndast truflar þá gjarnan allt tíðnisviðið frá lengstu langbylgju upp í örbylgju.

15.2 Núllun felst í **afturverkun sem er í mótfasa við afturverkun um innri rýmd í tóli**. Þannig upphafst (jákvæð) afturverkun og sveifla helst ekki við af sjálfsdáðum.

16.1 Þar eð mótvægið er ekki fullkominn gleypir á straum, er á því einhver hátíðnispenna gagnvart jörð og hlutlausu umhverfi, eins og raflögn hússins. Þessi spenna kemur fram á jarðklemmu aðlögunartækisins og knýr hátíðnistraum eftir sammiðjustrengnum sem einn vír væri. Straumurinn kemst í kassa sendis og þaðan út á rafsnúruna. Gegn þessum straumi má sporna með því að hækka tvinnviðnámið á leið hans. Góð aðferð er **vefja sammiðjustrenginn** í spólu, gjarnan með **ferrítkjarna** til að hátt spanviðnám náist með fáum vindingum.

Jarðtenging kæmi því aðeins að gagni að hún sé um vír sem er aðeins lítið brot úr bylgjulengd, t.d. 1 m eða minna fyrir stuttbylgju. Jarðvírar í raflögnum eru miklu lengri en svo, og eru því engin "Jörð" fyrir radiótíðni, sama hve gott jarðskaut fyrir jafnstraum og 50 Hz kann að vera tengt við töfluna.

17.1 Gleypisstraumur Q3 á að renna um mælinn. Ekki má setja mælinn nóramegin við T2, því þá myndi spanið í snúðspólu mælisins og vírunum að honum. auk rýmdar til annarra hluta tækisins, trufla eðlilegan gang hátíðnistraumsins. **Mælirinn á að koma í tenginguna frá samskeytum 4,7 k og 22 . viðnámana að 0,1 F þéttinum.**

18.1 **Jarðvírinn að hafa meiri slaka en hinir**, svo hann missi síðastur samband ef togfesta snúrunnar við klóna getur sig.

## Amatörpróf

í undirstöðu atriðum raffræði og radiótækni fyrir A og T próf samkv. 4. gr. reglug. nr. 625/1981  
Einkunnin 4,0 veitir rétt til nýliðaleyfis (N-leyfis) og einkunnin 6,0 veitir rétt til A/T leyfis

Nafn: \_\_\_\_\_ Kennit.: \_\_\_\_\_

Heimilisf.: \_\_\_\_\_ Póstnr./Staður: \_\_\_\_\_

Þtóftaki hafi meðferðis blýanta, strokleður, reglustriku og reiknivél sem ekki getur geymt gögn  
Skrifið nöfn ykkar strax á meðfylgjandi teikningu af viðtæki, teikningu af sendi og reiknigraf.  
Látið fylgja úrlausn. Önnur gögn eru ekki leyfð. Gætið þess að einnig fylgi svari, t.d. kHz eða  
, annars er það ófullkomið. Prófið er í 30 liðum og gilda allir jafnt.

### 1.


1.1 Yfir 3 viðnámið mælist 12 V spenna, Reiknið strauminn.

Svar: 4A

1.2 Hversu mikið afl fer þá í viðnámið

Svar: 48W


1.3 Tveimur 4 viðnánum er bætt við eins og myndin sæynir. Hvert verpur viðnámið milli A og B?



Svar: 5

2.

- 2.1 Tengid þéttana á teikningu við A og B, þannig að rýmdin þar á milli verði 75 pF



3.

- 3.1 Spanspenna í spólu stafar af:

- \_\_\_\_\_ utan að komandi rafsviði  
 X  breytilegu segulsviði  
\_\_\_\_\_ sterkum jafnstraumi  
\_\_\_\_\_ kyrrstæðri hleðslu

4.

- 4.1 Finnið þverviðnám 40 pF þéttis við 7 Mhz.


Svar: 570

- 4.2 Finnið gildi á spólu sem ásamt þéttinum gæfi resónans við 7 Mhz.

Svar: 13 H

- 4.3 Slík rás er tengd milli tækiseininga eins og myndin sýnir. Hún:

- \_\_\_\_\_ stoppar 7 Mhz  
\_\_\_\_\_ hleypir engri tíðni í gegn  
\_\_\_\_\_ hleypir jafnstraumi í gegn  
 X  hleypir 7 Mhz best í gegn



- 4.4 Tapsviðnám spólunnar á myndinni með lið 4.3, er nógu lítið til að innra viðnám kassanna ráði mestu um  $Q$  í rásinni. Til að hækka  $Q$  og halda óbreyttri resónanstíðni, ætti að:

\_\_\_\_\_ stækka  $L$  og hafa  $C$  óbreytt

\_\_\_\_\_ minnka bæði  $L$  og  $C$

  X   stækka  $L$  og minnka  $C$

\_\_\_\_\_ minnka  $L$  og stækka  $C$

## 5.

Sendir útvarps á Gufuskálum hefur tíðnina 189 kHz

- 5.1 Hver er bylgjulengdin og tíðnisviðið?

Bylgjulengdin er: 1587 m

Sem flokkast undir:

  X   langbylgju

\_\_\_\_\_ miðbylgju

\_\_\_\_\_ stuttbylgju

\_\_\_\_\_ FM-bylgju

## 6.

Allir liðir 6. dæmis fjalla um viðtækið á meðfylgjandi sérteikningu.

- 6.1 Hvert er númer þess feta sem færir merkið af hárrí tíðni á heyrnlega tíðni?

Svar: Q 4

- 6.2 Í raun getur viðtækið allt eins tekið á móti tíðnisviði sem liggur tvöfalda millitíðnina fyrir ofan tilgreint móttökusvið. Nú á að nota þennan eiginleika. Tilgreinið næumer þeirra íhluta sem reyna ætti að stilla, svo næmasta móttakan yrði í 4,7 - 4,9 Mhz sviði.

Svar: C1 og C2 (Minnka rýmd)

- 6.3 Hvernig er sá hlutur merktur á teikningunni, sem í daglegu tali er kallaður styrkstíllí á útvarpsviðtæki?

Svar: R 18 (AF Gain)

- 6.4 Amatör smíðar þetta viðtæki. Við fyrstu prófun heyrir aðeins dauft suð og ekkert gerist þegar loftnet er tengt.

Við nánari athugun kemur í ljós að nærvakinn (local oscillator) gengur ekki. Jafnspennan sem fetinn Q3 fær mælist aðeins 0,7 V og 180 viðnámið hitnar.

Allir íhlutir eru heilir og á sínum stað. Fetinn er örugglega rétt tengdur. Hvaða mistök er líklegast að amatörinn hafi gert við samsetninguna?

Svar: Snúið D4 öfugt.

## 7.

Allir liðir í 7. dæmi fjalla um sendinn á meðfylgjandi sérteikningu.

- 7.1 Um einn nóran (transistor) er hægt að segja að hann sé hvoru tveggja í senn, hlífistig (buffer) og knýstig (driver). tilgreinið númer hans.

Svar: Q 2

- 7.2 Megintilgangur díóðunnar D1 er að:


- hlífa Q3 við spennutoppum þegar loftnetið er illa aðlagð.
- regla (regulate) veituspennuna
- bæta aðlögun (matching)
- deyfa yfirsveiflur

- 7.3 Q4 “brennur yfir” þannig að skammhlaup (full leiðni) verður á milli kollektors og emitters. Hvernig lýsir það sér við notkun sendisins?

Svar: Sendir stöðugt, óháð því hvort lykill er uppi eða niðri

## 8.

Myndin sýnir rás í viðtæki.



8.1 Þetta er:

- FM-skynjari (detector)
- AM-skynjari
- magnari fyrir heyrítíðni
- afriðill í aflagjafa

8.2 Frá punkti (d) fæst spenna sem best er lýst sem:

- merki á heyrítíðni
- merki á millitíðni
- sínussveiflu frá slagvaka (BFO)
- neikvæðri jafnspennu sem breytist hægt

(AGC spenna fyrir fremri stig tækis. R19 og C 18 sía burt heyrítíðni)

## 9.

Forspenna á NPN-nóra í útgangsstigi er höfð svo neikvæð, að einungis toppar innmerkis framkalla straum. Þetta stig vinnur í flokki:

- A  AB
- B  C

## 10.

- 10.1 Með lægra útgeislunarhorni nær stökkbylgja (sky wave) lengra í einu hoppi. Hvaða áhrif hefur það á MUF (maximum usable frequency)?

Svar: Hækkar

## 11.


Myndin sýnir lóðrétt loftnetsstöng yfir góðri jörð.  
Sammiðjukapall (coax) fæðir loftnetið á mótí jörð.

Á 21 Mhz er hæð stangarinnar 3/4 hlutar bylgjulengdar.

- 11.1 Teiknið á myndina straumdreyfingu við 21 Mhz.

- 11.2 Á hverju eftirtalinna tíðnisviða má einnig búast við þökkalega lágrí standbylgju á fæðilínunni?

\_\_\_\_\_ 1,8 Mhz      \_\_\_\_\_ 3,5 Mhz  
  X   7 Mhz      \_\_\_\_\_ 14 Mhz



- 11.3 Þegar til kemur, reynist stöngin helst til löng svo resónanstíðnin verður 20 Mhz. Hvaða einn íhlut ætti að raðtengja við loftnetið til að bæta fyrir þetta? Ekki þarf að tilgreina gildi hans.

Íhluturinn er Þéttir

## 12.

Sendir er tengdur fæðilínu sem er skammhleyppt í fjarri endan.

12.1 Um aflið sem nær til skammhleyppta endans má segja með þokkalegri nákvæmni:

\_\_\_\_\_ allt breytist í varma í skammhlaupinu

allt endurkastast og fer til baka eftir fæðilínunni

\_\_\_\_\_ helmingur endurkastast, helmingur fer til baka

\_\_\_\_\_ þa brýst út í yfirsveiflum, sem geta truflað sjónvarp.

12.2 Standbylgjuhlutfallið (SWR) á fjarri enda línunnar er undir þessum kringumstæðum:

\_\_\_\_\_ 1:1

\_\_\_\_\_ 1:2

\_\_\_\_\_ 200 / 50

að heita má óendanlegt

## 13.

Línulegur magnari er notaður á eftir sendi, til að auka aflið. Mest getur hann skilað út 800 W PEP (peak envelope power), án þess að bjögun umlykju (envelope) fari úr böndum.

- 13.1 Óvanur amatör gáir ekki að sér og knýr magnarann með of miklu afli frá upphaflega sendinum, sem þá gefur frá sér SSB-merki. Helsta truflunin sem þetta veldur er að öllum líkindum:

- grannrásartruflun, móttökuskettur (splatter) sem trufla í næsta nágrenni við senditíðnina
- undirsveifla, vegna hægari breytinga á umlykju
- yfirsveilfur, þrátt fyrir mjög góða lághleypisú á eftir magnara
- útsending á heyrítíðni, sem getur slegið inn á venjulegan síma

- 13.2 Nú vill amatörinn nota magnaran fyrir venjuegt AM-merki. Hvert má útafl burðarbylgjunnar vera mest, svo komist verði hjá truflunum af því tagi sem áður er lýst.

Svar: 200 W

Við 100% mótun 2-faldast spennan  
> aflið 4-faldast, PEP = 800 W

## 14.

- 14.1 Innra viðnám í straummæli ætti að vera:

- \_\_\_\_\_ sem hæst \_\_\_\_\_ 50
- \_\_\_\_\_ aðlagað fyrir mest afl \_\_\_\_\_ X \_\_\_\_\_ sem lægst

15.

- 15.1 Þegar jarðtengd kló er sett á snúru, sem á að tengjast 230 V veitu, skal einn þáttur snúrunnar ávalt vera lengstur. Þetta er gert vegna hættunnar á að togfestan í klónni gefi sig. Hver er rétt litamerking þessa þáttar.

Svar: Gul/grænn

## Amatörpróf

í undirstöðu atriðum raffræði og radiótækni fyrir A og T próf samkv. 4. gr. reglug. nr. 625/1981  
Einkunnin 4,0 veitir rétt til nýliðaleyfis (N-leyfis) og einkunnin 6,0 veitir rétt til A/T leyfis

Nafn: \_\_\_\_\_ Kennit.: \_\_\_\_\_

Heimilisf.: \_\_\_\_\_ Póstnr./Staður: \_\_\_\_\_

Þóftaki hafi meðferðis blýanta, strokleður, reglustriku og reiknivél sem ekki getur geymt gögn  
Skrifið nöfn ykkar strax á meðfylgjandi teikningu af viðtæki, teikningu af sendi og reiknigraf.  
Látið fylgja úrlausn. Önnur gögn eru ekki leyfð. Gætið þess að einnig fylgi svári, t.d. kHz eða  
, annars er það ófullkomið. Prófið er í 30 liðum og gilda allir jafnt.

### 1.


1.1 Um 6 viðnám rennur 2 A straumur. Reiknið spennuna.

Svar: 12 V

1.2 Hversu mikið afl fer í viðnámið P

Svar: 24 W


1.3 Tveimur viðnámum er bætt við eins og myndin sýnir. Hvert verður viðnámið milli A og B



Svar: 3

## 2.

- 2.1 Amatör hefur 12 V sendi með sér í sumarbústað. Einn 30 amperstunda rafgeymir er helst til lítill, svo hann tekur tvo slíka geyma með. Bætið inn á myndina réttri tengingu geymanna við sendinn svo ígildi 60 amperstunda geymis fáiast. Gætið vel að réttri tengingu við plús- og mínusskaut.



## 3.

- 3.1 Jafnspenna þéttis er í réttu hlutfalli við:

- \_\_\_\_\_ segulsvið
- \_\_\_\_\_ breytingu í rafsviði platnanna
- \_\_\_\_\_ jafnstraum um þéttinn
- X   hleðslu á plötunum

## 4.

- 4.1 Finnið gildi spólu sem hefur þverviðnámið 1260 við 10 Mhz.

Svar: 20 H


- 4.2 Finnið gildi á þétti sem ásamt spólunni gæfi resónans við 10 Mhz.

13 pF

(framhald á næstu síðu)

(framhald á dæmi)

- 4.3 Spólan og þéttirinn eru tengd milli tækiseininga eins og myndin sýnir. Resónanstíðnin skilar sér best í gegn. Um aðrar tíðnir gildir:



X allar tíðnir deyfast jafnt

tíðnir fyrir ofan resónans deyfast meira en tíðnir fyrir ofan

tíðnir fyrir neðan resónans deyfast meira en tíðnir fyrir ofan

engin tíðni deyfist

- 4.4 Tapsviðnám spólunnar er 25,2 (raðtengt ígildi). reiknið Q hennar

Svar:  $Q = \frac{1260}{25,2} = 50$

## 5.

- 5.1 Rétt röð bylgusviða með vaxandi tíðni er:

X langbylgja, miðbylgja og stuttbylgja

miðbylgja, langbylgja og stuttbylgja

stuttbylgja, miðbylgja og langbylgja

stuttbylgja, langbylgja og miðbylgja

## 6.

Allir liðir 6. dæmis fjalla um viðtækið á meðfylgjandi sérteikningu.

- 6.1 Vel þekkt er að Q1 vinnur sem blandari (mixer). En það er annað stig sem í raun er líka blandari, þótt það gangi venjulega undir öðru nafni. Hvaða númer á við það stig.

Svar: Q 4

- 6.2 Inn á D (drain) á Q1 er m.a. tengt 2700  $\Omega$  viðnám. vegna vankunnáttu í litamerkingum viðnáma notar amatör 270 K  $\Omega$  í staðinn. Engu að síður fær Q1 eðlilegan straum (um 2 mA) frá 12 V veitunni. Hvernig stendur á því?

Svar: Hann fer um RFC 1

- 6.3 Tíðni nærvakans (local oscillator) liggur fyrir ofan móttökutíðnina. Tekið er á móti LSB-merki (lower sideband). Í millitíðnimagnaranum er merkið:

_____ LSB	
_____ DSB (double sideband)	IF = LD - RF
<u>  X  </u> USB (upper sideband)	Ef RF lækkar mun IF hækka
_____ á heyrítíðni	>LSB breytist í USB

- 6.4 L4 hefur stillanlegan kjarna. Hvernig lýsir það sér við notkun tækisins, ef kjarnin er skrúfaður lengra inn í spóluna?

\_\_\_\_\_ mögnunin vex


\_\_\_\_\_ næmleikinn minnkar

\_\_\_\_\_ tíðniskerpa (selectivity) breytist

  X   móttökutíðnin lækkar



## 8.



8.1 Teikningin sýnir:

- lampamagnara aftast í sendi  
 lampamagnara fyrir hátalara  
 AM-mótara  
 sveifluvaka með tríóðu

8.2 Tilgangur C5 er að:

- tryggja að sjálfsveifla fari í gang  
 tryggja að sjálfsveifla fari ekki í gang  
 leiða jafnstraum inn á mælinn M1  
 auka við afturverkun tetróðunnar

## 9.

9.1 Fyrir aftan síðasta mögnunarstig sendis þarf alltaf síu sem deyfir yfirsveiflur. Hvaða flokkur magnara gerir minnstar kröfur til yfirsveifludreyfingar í síunni að öðru jöfnu?

- A  B  
 AB  C

## 10.

10.1 Hvert eftirtalinna bylgjusviða er ólíklegast til að draga milli Íslands og Danmerkur að degi til?

_____	15 m	_____	20 m
_____	40 m	<u>  X  </u>	80 m

10.2 Efsta lag jónhvölsins er:

_____	D-lagið	_____	E-lagið
<u>  X  </u>	F-lagið	_____	veðrahvolfið (troposphere)

## 11.

Hálfbylgju tvíþóll er skorinn fyrir 10 Mhz. Vegna reýmdar frá endum er rétt lengd 95% af því sem ella hefði verið.

11.1 Reiknið lengd tvíþólsins.

Svar:  $\frac{1}{2} \frac{300}{10} = 0,95 \cdot 14,25 \text{ m}$

11.2 Hvar á fæðipunkturinn að vera svo fæðiviðnámið verði sem lægst?

_____	í spennuhámarki	_____	1/3 frá enda
_____	sem næst enda	<u>  X  </u>	í miðju

## 12.

Loftnet er fætt með löngum sammiðjustreng (coax). Nauðsynlegt er að nota það utan þess tíðnisviðs, sem gefur góða aðlögun, svo talsverð standbylgja verður á fæðilínunni. Sendirinn bregst við með því að gefa minna afl en efni standa til.

(framhald á næstu síðu)

(framhald á dæmi)

- 12.1 Til að ráða bót á þessu er sett aðlögunartæki (antenna tuner) á sendisenda fæðilínunnar. Frá því liggur stutt fæðilína að sendinum sjálfum. Sé aðlögunartækið rétt stillt, verður:

\_\_\_\_\_ minni standbylgja á löngu fæðilínunni, enginn á stuttu  
\_\_\_\_\_ enginn standbylgja, hvorki á löngu né stuttu fæðilínunni  
\_\_\_\_\_ enginn standbylgja á löngu fæðilínunni  
  X   enginn standbylgja á stuttu fæðilínunni

- 12.2 Hvar ætti að hafa aðlögunartækið ef nýtnin er höfð að leiðarljósi?

Svar: Við loftnetið (engin standbylgja)

## 13.

Nágranni amatörs hlustar gjarnan á erlenda útvarpsstöð sem sendir á 930 kHz á miðbylgju. Hann notar útvarpsviðtæki með þá algengu millitíðni, 455 kHz.

Þegar amatörinn sendir á 1840 kHz í 160 m sviðinu, truflar hann móttökuna.

- 13.1 Hver er líklegasta astæðan fyrir trufluninni. Stiðjið kenninguna með útreikningum.

Svar: 1840 kHz er spegiltíðni af 930 kHz.  $LO = RF + IF = 930 + 455 = 1385$  kHz  
 $1840 - 1385 = 455$  kHz = IF

- 13.2 Hver eftirtalinna ráðstafanna er líklegust til úrbóta ef sendirinn dæmist vera í lagi? Að setja:

\_\_\_\_\_ háhleypisú (high pass filter) á sendinn  
\_\_\_\_\_ lágheypisú (low pass filter) á sendinn  
\_\_\_\_\_ háhleypisú á viðtækið  
  X   1840 kHz stoppsú (rejection filter) á viðtækið

## 14.

- 14.1 Hátíðnispennan til loftnets er mæld með sveiflusjá. Auðveldast er að lesa toppa á milli (peak-to-peak) af skjánum. Lesningunni er fyrst breytt í toppgildi (peak) með því að deila með 2.

Toppgildinu er svo breytt í virkt gildi (r.m.s.) með því að margfalda með 0,707.


Virka gildi loftnetsstraumsins er lesið beint af mæli með hitatvinni (thermocouple).

Þá eru virku gildi spennu og straums margfölduð saman í þeirri von að það gefi sendisflið. Niðurstaðan er:

- rétt ef lofnetið er í resónans
- aðeins rétt ef lofnetið er 50
- alltaf rétt
- aldrei rétt vegna þess að útreikningarnir að ofan eru gallaðir

## 15

- 15.1 Myndin sýnir einfaldan aflagjafa, sem amatör notar til að knýja smátæki sem hann smíðar. Hver eftirtalinna ráðstafana á mestan þátt í að verja amatörinn fyrir snertihættu af 230 V veitunni?



- bræðivarið í forvafsrásinni
- aðskilnaður og einangrun forvafs og eftirvafs
- stóri þéttirinn, því hann skammhleypir riðspennu
- spennu reglinn, því hann gefur mest út 12 V

**Viðbót**

**Amatörpróf  
frá 26. febrúar 2003**

## Amatörpróf

í undirstöðu atriðum raffræði og radiótækni fyrir nýliða-, G- og T- próf samkv. 5. gr. reglug. nr. 298/2002  
Einkunnin 4,0 veitir rétt til nýliðaleyfis (N-leyfis) og einkunnin 6,0 veitir rétt til G/T leyfis

Nafn: \_\_\_\_\_ Kennit.: \_\_\_\_\_

Heimilisf.: \_\_\_\_\_ Póstnr./Staður: \_\_\_\_\_

Netfang: \_\_\_\_\_

*Ptóftaki hafi meðferðis blýanta, strokleður, reglustriku og reiknivél sem ekki getur geymt gögn. Skrifðu nöfn ykkar strax á meðfylgjandi teikningu af viðtæki, teikningu af sendi og reiknigraf. Látið fylgja úrlausn. Önnur gögn eru ekki leyfð. Gætið þess að einnig fylgi svari, t.d. kHz eða , annars er það ófullkomið. Prófið er í 30 liðum og gilda allir jafnt.*

1.

- 1.1 Straumur í viðnámi er 3 A þegar spennan yfir það er 12 V.  
Reiknið aflið.

Svar: \_\_\_\_\_

- 1.2 Hvert er gildi viðnámsins?

Svar: \_\_\_\_\_

- 1.3 Nú skal nota upphaflega viðnámið ásamt einu nýju viðnámi, svo heildarviðnámið milli A og B á verði þrefalt svarið við spurningu 1.2.

Teknið tenginguna.

Hvert er gildi nýja viðnámsins?

Svar: \_\_\_\_\_




A

B

2.

2.1 Amatör hefur 12 V aflgjafa í tækjaborðinu, og langar til að lýsa það upp með 3 litlum perum á vel völdum stöðum. Hann á bara 6 V perur eins og myndin sýnir. Tengingunni við aflgjafan svo allar lýsi í samræmi við aflið sem stimplað er á þær.



3.

3.1 Tvær spólur  $L_1$  og  $L_2$  eru raðtengdar. Að auki er þeim stillt upp enda við enda, þannig að hvor um sig umlykur að hluta segulsviðið vrá hinni. Þá er sjálfspanið í raðtengingunni:

\_\_\_\_\_ eingöngu  $L_1$

\_\_\_\_\_  $L_1 + L_2$

\_\_\_\_\_ meira en  $L_1 + L_2$  ef vindingastefnan er sú sama í báðum spólum, annars minna

\_\_\_\_\_ eingöngu  $L_2$

4.


4.1 Finnið þverviðnám (reactance) 22 pF þéttis við 14 Mhz.

Svar: \_\_\_\_\_

4.2 Finnið gildi spólu sem hefur sama þverviðnám við 14 Mhz.

Svar: \_\_\_\_\_ míkróhenry

4.3 Spólan og þéttirinn eru tengd milli tækiseininga eins og myndin sýnir.



Það veldur því að:

\_\_\_\_\_ 14 MHz komast síst á milli eininganna

\_\_\_\_\_ 14 MHz komast best á milli eininganna

\_\_\_\_\_ engin tíðni fyrir ofan 14 Mhz kemst í gegn

\_\_\_\_\_ jafnstraumur kems ekki í gegn

4.4

Við resónans haga spólan og þéttirinn sér saman eins og raunviðnám með 7-falt gildi þverviðnámsins í hvoru um sig.

Þá er Q sveiflurásarinnar:

\_\_\_\_\_ 1/7

\_\_\_\_\_ 49

\_\_\_\_\_ 14

\_\_\_\_\_ 7

5.

5.1 Útvarpstæki er með stuttbylgjusvið sem nær frá 6 Mhz uppí 18 Mhz.

Dragið hring utan um þau bylgusvið sem hægt er að hlusta á:

160 m                      80 m                      40 m

20 m                      15 m                      10 m

*Athugið: Rangt svar dregst frá réttum svörum!*

5.2 Hvað fer rdíóbylgja langt á einni míkrósekúndu?

Svar: \_\_\_\_\_ metra

6.

*Allir liðir 6. dæmis fjalla um viðtækið á meðfylgjandi sérteikningu.*

6.1 Vuð smíði viðtækisins er einni díóðu snúið öfugt. Afleiðingin er sú, að ekkert heyrir í heyrnartólunum, ekki einusinni suð.

Hvernig er sú díóða merkt og við hvað er forskaut (anode) hennar tengt?

Svar: \_\_\_\_\_ og tengist \_\_\_\_\_

6.2 Hvaða feti vinnur sem millitíðnimagnari?

Svar: Q \_\_\_\_\_

(framhald dæmis frá síðunni á undan)

- 6.3 Flest viðtæki radióamatöra hafa stig sem kallast RF-magnari. Stigið tekur inn merki á móttökutíðninni og skilar því út á sömu tíðni eftir mögnun. Í þessu viðtæki er slíkt stig:

\_\_\_\_\_ ekki til                      \_\_\_\_\_ með Q1  
\_\_\_\_\_ með Q2                      \_\_\_\_\_ Með Q4 og U1

- 6.4 Náungi sem kann lítið í radiótækni hefur þetta viðtæki undir höndum og fiktur óspart í því. Hann kemst að raun um að stundum getur hann breytt móttökutíðninni töluvert með því að stilla C4 (með skrufjárnri) og stundum lítið sem ekkert. Eftir hverju fer þetta, og hvenær getur hann breytt tíðninni mest með þessu móti?

Svar: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

## 7.

*Allir liðir 7. dæmis fjalla um sendinn á meðfylgjandi sérteikningu.*

- 7.1 Eitt stig í þessum sendi æti unnið sem stillivaki (VFO, variable frequency oscillator) ef einn hlutur er fjarlægður úr stiginu.

Hvaða hlut þarf að fjarlægja?

hluturinn kallast \_\_\_\_\_ og er merktur \_\_\_\_\_

Hvort á að skilja eftir opna rás þar sem hluturinn var, eða tengja beint á milli.  
Hafa skal:

\_\_\_\_\_ opna rás                      \_\_\_\_\_ beina tengingu

(framhald dæmis er á næstu síðu)



9.

9.1 Til að fá heilbylgju afriðlun:

\_\_\_\_\_ þar ávalt 4 díóður í brú

\_\_\_\_\_ dugir 1 díóða

\_\_\_\_\_ geta 2 díóður dugað

\_\_\_\_\_ Þar zenerdíóðu

10.

10.1 Bylgja sem endurkastast af jónhvolfinu gef-tur orðið áberandi þegar haft er samband milli nærliggjandi byggðarlaga, einkum með láréttum loftnetum.

Á hvaða bylgjusviði gerist þetta helst?

\_\_\_\_\_ 80 m

\_\_\_\_\_ 20 m

\_\_\_\_\_ 10 m

\_\_\_\_\_ 2 m

11.

11.1 Lofnetsstöng er fædd á móti góðri RF-jörð, t.d. stóru málmklæddu þaki.

Við 7 MHz er fæðiviðnámið lagt raunviðnám. Á öllum lægri tíðnum er fæðiviðnámið rýmdarkennt (capacitive).

Þegar farið er upp fyrir 7 MHz er fæðiviðnámið í fyrstu spankennt (inductive) síðan til skiptis rýmdarkennt og spankennt með síhækkandi tíðni.

Við 7 MHz er loftnetið:

\_\_\_\_\_ ekki í resónans

\_\_\_\_\_ 3/4 úr bylgjulengd

\_\_\_\_\_ 1/2 bylgjulengd

\_\_\_\_\_ 1/4 úr bylgjulengd

11.2 Margvísleg loftnet hafa ávinning (gain) umfram einfaldan tvíþól (dipole). Slík loftnet styrkja útsendinguna með því að:

\_\_\_\_\_ leggja til aukið afl í heildina

\_\_\_\_\_ magna sendinguna í allar stefnur rúmsins

\_\_\_\_\_ draga úr sendingu í vissar stefnur og nýta aflið í æskilegu stefnuna

\_\_\_\_\_ hækka bæði hátíðnispennuna og hátíðnistrauminn frá sendinum

12.

12.1 Við loftnet í resónans er tengd fæðilína með  $Z_0 = 75 \Omega$  hæfilega löng til að vinna sem kvartbylgjuspennir. Síðan tekur við fæðilína með  $Z_0 = 50 \Omega$  og nær inn í hús. Á henni er óveruleg standbylgja.

Því er fæðiviðnám loftnetsins:

\_\_\_\_\_ hærra en  $75 \Omega$

\_\_\_\_\_  $75 \Omega$

\_\_\_\_\_ milli  $50 \Omega$  og  $75 \Omega$

\_\_\_\_\_ lægra en  $50 \Omega$

13.

13.1 Innra viðnám straummælis ætti helst að vera:

\_\_\_\_\_ sem hæst


\_\_\_\_\_  $50 \Omega$

\_\_\_\_\_ sem lægst

\_\_\_\_\_ 1:1

- 14.1 Venjulegir spennumælar ráða ekki við radiótíðni. Þá er hægt að nota díóðu til að breyta hátíðnispennunni í jafnspennu, sem svo má mæla með jafnspennumæli.

Amatör smíðar rásina hér að neðan og notar til að mæla RF spennuna til loftnets. Þegar hann sendir koma rákir yfir myndina á sjónvarpinu hans, þó eitthvað mismunandi eftir því á hvaða rás er stillt.



Ástæðuna má að öllum líkindum rekja til:

- \_\_\_\_\_ díóðunnar
- \_\_\_\_\_ viðnámsins
- \_\_\_\_\_ þéttisins  $C_2$
- \_\_\_\_\_ jafnspennumælisins

- 14.2 Stundum er sammiðjustrengur (coaxial cable) vafinn upp í spólu. Það hefur:

- \_\_\_\_\_ alls engin áhrif, er bara gert til að geyma umfram lengd af streng
- \_\_\_\_\_ hefur engin áhrif á straum sem gengur utan á strengnum, sem væri hann einn vír
- \_\_\_\_\_ hefur þvert á móti kæfandi áhrif á slíkan straum
- \_\_\_\_\_ kæfir venjulegan fæðilínustraum í strengnum

- 14.3 Maður hlustar á útvarp Keflavíkurflugvallar á 1530 kHz á miðbylgu. Hann býr langt frá Keflavík svo merkið er í daufara lagi. Maðurinn verður fyrir því að amatör í næsta húsi kemur sterkt ofaní þegar hann sendir morse í neðri hluta 80 m bandsins (3500 - 3550 kHz). Millitíðni útvarpsviðtækisins er 455 kHz eins og algengt er, svo spegiltíðni er ekki rétta skýringin.

Blandarar (mixers) í viðtækjum eru jafnan ólíulegir, svo þeir blanda ekki aðeins við grunntíðni nærvakans (local oscillator), heldur við yfirsveiflur hans líka í ríkum mæli. Síun í framenda viðtækis á að greina slíka sníkjumóttöku frá þeim æskilegu, en deyfir bara takmarkað.

Hér vinnur nærvakinn í viðtæki mannsins á:  $1530 + 455 \text{ kHz} = 1985 \text{ kHz}$ .

2. yfirsveifla nærvakans er: \_\_\_\_\_ kHz

Senditíðnin er: \_\_\_\_\_ kHz

## 15.

- 15.1 Samkvæmt reglugerð um raforkuvirki falla útvarpsvirki (radióbúnaður) undir sérstæð raforkuvirki. Því aðeins er heimilt að tengja slík virki við almenna rafveitu um þétti án sérstakra ráðstafana, að þéttirinn sé:

\_\_\_\_\_ 0,01  $\mu\text{F}$  eða stærri

\_\_\_\_\_ 10  $\mu\text{F}$  eða minni

\_\_\_\_\_ 10 pf eða stærri

\_\_\_\_\_ 0,01  $\mu\text{F}$  eða minni

og uppfylli viðeigandi ákvæði (um spennuþol og sammhlaupsvörn).

## Amatörpróf

Í undirstöðuatriðum raffræði og radíótækni fyrir nýliða-, G- og T- próf samkvæmt reglugerð nr. Einkunnin 4,0 veitir rétt til N- nýliðaleyfis og einkunnir 6,0 og hærri veita rétt til G/T- leyfis.

Nafn: \_\_\_\_\_ Kennitala: \_\_\_\_\_

Heimilisf.: \_\_\_\_\_ Póstnr./Staður: \_\_\_\_\_

Tölvupóstfang: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_

*Próftaki má hafa meðferðis blýanta, strokleður, reglustiku og reiknivél sem ekki getur geymt gögn. Skrifid nöfn ykkar strax á meðfylgjandi teikningu af viðtæki, teikningu af sendi og reiknigraf. Látið fylgja úrlausn. Önnur gögn eru ekki leyfð. Gætið þess að eining fylgi svari, t.d. kHz eða  $\Omega$ , annars er það ófullkomið. Prófið er í 30 liðum og gilda allir jafnt.*

### 1.

Til umráða eru þrjú viðnám, 100  $\Omega$ , 200  $\Omega$  og 300  $\Omega$ .

1.1 Hvernig á að tengja þau milli A og B, til að fá 150  $\Omega$  viðnám?

Teikning:

o  
A

o  
B

15 volta spennan er tengd yfir samsetta 150  $\Omega$  viðnámið.

1.2 Hversu mikið afl fer þá í 300  $\Omega$  viðnámið? Svar: \_\_\_\_\_

1.3 Hversu mikill straumur er í 200  $\Omega$  viðnáminu? Svar: \_\_\_\_\_

1.4 Hversu mikil spennan er yfir 100  $\Omega$  viðnámið? Svar: \_\_\_\_\_

## 2.

2.1 Ákveðinn íhlutur á teikningu er merktur  $0,22 \mu\text{F}$  (míkrófarad). Þetta er:

- Spóla     Þéttir     Viðnám     Díóða

2.2 Ákveðinn íhlutur hefur viðnámið  $20 \Omega$  við tíðnina  $1 \text{ MHz}$  og  $40 \Omega$  við  $2 \text{ MHz}$ . Þetta er:

- Spóla     Þéttir     Viðnám     Díóða

## 3.

$270 \text{ pF}$  þéttir sem hefir rýmdarviðnámið  $60 \Omega$  á tiltekinni tíðni er raðtengdur við spólu sem hefur spanviðnámið  $60 \Omega$  á sömu tíðni.

3.1 Viðnám raðtengingarinnar er:

- $120 \Omega$      Hærra en  $120 \Omega$      Miklu lægra en  $60 \Omega$       $60 \Omega$

3.2 Hver er tíðnin?    Svar: \_\_\_\_\_

3.3 Sé gert ráð fyrir tapslittlum íhlutum, hvert verður sem næst viðnám raðtengingarinnar úr síðasta lið, ef tíðnin er tvöfölduð? :

- $30 \Omega$       $60 \Omega$       $90 \Omega$       $120 \Omega$

## 4.

Þegar tvípóll (dipole) er fæddur beint með sammiðjustreng (coaxial cable) getur orðið umtalsverð útgeislun frá fæðilínunni.

4.1 Hver er ástæðan?

Svar: \_\_\_\_\_

4.2 Með hvaða ráðum má deyfa þessa útgeislun?

Svar: \_\_\_\_\_

## 5.

5.1 Til að NPN transistor í venjulegu mögnunarstigi hafi rétta forspennu er:

- collector jákvæður (plús) miðað við emitter
- collector neikvæður (mínus) miðað við emitter
- base neikvæður miðað við emitter
- ekkert af þessu

5.2 Framspennt PN skeyti þurfa að yfirvinna nokkurn spennuþröskuld áður en verulegur straumur fer að ganga í þeim. Hver er þessi spennuþröskuldur u.þ.b.:

a) Fyrir kísilsamskeyti: \_\_\_\_\_ b) Fyrir germaníum samskeyti \_\_\_\_\_

## 6.

Allir liðir í þessari spurningu vísa til meðfylgjandi sérteikningar af viðtæki.

6.1 Hvert er svið spegiltíðninnar?

Svar: \_\_\_\_\_

6.2 Hvaða íhlutir á teikningunni deyfa viðtöku á spegiltíðni og hvernig?

Svar: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

6.3 Hvaða samhengi tryggir að Morsemerki heyrir aðeins öðrum megin við núllslátt (zero beat)?

Svar: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

## 7.

Allir liðir í þessari spurningu vísa til meðfylgjandi sérteikningar af sendi.

7.1 Sendirinn gæti verið með kvak (chirp) við lyklingu. Hvernig er hægt að ráða bót á því?

Svar: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_


7.2 Slík úrbót gæti þó leitt til annars ágalla, sem nálægur amatör myndi heyra. Hver er sá ágalli?

Svar: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

7.3 Dragið hring utan um þann þétti sem hefur áhrif á falltíma lyklaða merkisins, en engin áhrif á ristímann.

## 8.

Myndin sýnir kassamynd af einföldum SSB sendi:



8.1 Meginhlutverk síunnar (Filter) í sendinum er að:

- fjarlægja burðarbylgjuna
- sía frá suð sem komist gæti inn í útsendinguna með hljóðnemaleiðslunni
- sía burt yfirsveiflur frá sveiflurakanum (Oscillator)
- ekkert af þessu

8.2 Hvar er merkið DSB (double sideband)?  A  B  C  D

8.3 Hvar er merkið komið á rétta senditíðni?  A  B  C  D

## 9.

9.1 Tengja á sendi við annan endann á hálftrar bylgjulengdar löngu vírloftneti og nota jarðsamband sem mótvægi. Sendirinn er gerður til að vinna út í  $50 \Omega$  loftnet. Hægt er að aðlaga loftnetið að sendinum með því að:

- raðtengja hæfilega stóra spólu við loftnetið
- tengja hæfilega stóran þétti milli loftnets og jarðar
- tengja  $\frac{1}{4}$  bylgjulengdar langa  $50 \Omega$  fæðilínu milli sendis og loftnets
- tengja hæfilega stóran þétti milli loftnets og jarðar og einnig hæfilega stóra spólu frá sendi í loftnet

9.2 Miðjufæddur  $75 \Omega$  hálfbylgjutvípóll (dípole) er tengdur við sendi með  $60 \Omega$  fæðilínu, sem er  $\frac{3}{4}$  bylgjulengd á lengd. Hvert verður við viðnámið sem sendirinn sér?

Svar: \_\_\_\_\_

## 10.

10.1 Hvert eftirtalinna tíðnisviða amatöra dregur lengst á jarðbylgju?

- 1,8 MHz  3,5 MHz  7 MHz
- 14 MHz  21 MHz  28 MHz

10.2 Hvers vegna batna skilyrði á lægri amatörtíðnunum til útlanda á nóttunni?

Svar \_\_\_\_\_

## 11.

- 11.1** Til ráðstöfunar er jafnstraumsmælir sem gefur fullt útslag við 1 mA. Innra viðnám hans er 100  $\Omega$ . Sýnið með teikningu hvernig hægt er að breyta honum í spennumæli sem sýnir fullt útslag við 1 V. Reiknið gildi hjálparviðnáms.

Svar:

## 12.

- 12.1** Stuttbylgjusendir amatörs truflar FM útvarpsviðtöku í hljómtækjum nágrannans. Lýsið stuttlega, e.t.v. með einfaldri teikningu, hvernig uppræta má eða vinna gegn þessum truflunum án þess að fara inn í viðtæki nágrannans, ef í ljós koma eftirtaldar ástæður truflananna:

a) Amatörsendirinn yfirstýrir framenda viðtækisins.

Svar:

b) Hátalaraleiðslur hljómtækjanna virka sem loftnet.

Svar:

## 13.


- 13.1** Hver er hæsta spenna sem eftirvaf þeirra spenna má gefa, sem ætlaðir eru fyrir leikföng eða annað sem ekki fullnægir kröfum um einangrun og sérstaka yfirstraumsvörn?

Hámarks tómgangsspenna: \_\_\_\_\_

- 13.2** Hvaða varúðarráðstafanir ber að viðhafa við loftnet vegna eldingaveðurs?

Svar: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

## Reiknigraf fyrir þverviðnám og resónans




Notið reglustiku til að leggja beina línu yfir grafið. Línan sker kvarðana í punktum sem eiga saman.

Oftast er nóg að lesa á 3 kvarða, en allir 4 eru í gildi ef línan er nógu löng. T.d. má finna þverviðnám spólu með L, f og X kvörðum, en samtímis má sjá á C kvarða hvaða þéttir hefur jafnstórt þverviðnám, þ.e. gefur resónans á viðkomandi tíðni með spólunni.

Próftakar skrifi nafn sitt hér: \_\_\_\_\_

og teikni lausnir sínar inn á grafið, ef þeir nota það.

C



Nafn:

Ef beðið er um að skrifað sé eða teiknað inn á þessa teikningu.

